



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 30. júní 2026

MSS26060012

Stofnun öldunga- og notendaráðs fatlaðs fólks í Reykjavík

Á fundi borgarstjórnar 2. júní sl. var samþykkt að stofna öldungaráð sem fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Ráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra.

Á fundi borgarráðs 25. júní sl. var samþykkt að ráðið skyldi framvegis heita öldunga- og notendaráð fatlaðs fólks í Reykjavík og fari með hlutverki öldungaráðs samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra, auk hlutverks samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Fulltrúar í ráðinu fá greidda þóknun í samræmi við 14. gr. samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði nú falið að vinna samþykkt fyrir ráðið, sem skal lögð fram til afgreiðslu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík